



ÁLFHÓLLSSKÓLI

Matsskýrsla 2011 – 2012

Aðgerðaráætlun 2012 – 2013



1 Inngangur

1.1 Um Álfhólsskóla

Álfhólsskóli er heildstæður grunnskóli staðsettur í grónu hverfi í austurbæ Kópavogs og í göngufæri við Kópavogs- og Fossvogsdal. Í skólanum eru um 730 nemendur og um 130 starfsmenn. Skólinn starfar í tveimur húsum, í Digranesi (Álfhólsvegur 100) og Hjalla (Álfhólsvegur 120). Í Digranesi eru nemendur í 1. – 4. bekk og í Hjalla nemendur í 5. – 10. bekk. Skólinn hefur auk þess afnot af íþróttahúsi HK þar sem Dægradvöl skólans fyrir nemendur í 1. – 4. bekk hefur einnig verið til húsa. Skólinn leggur áherslu á framsækið og árangursríkt skólastarf sem og þátttöku í margs konar þróunarverkefnum. Í skólanum er öflugt sérkennsluver, námsver fyrir einhverfa nemendur og móttökudeild fyrir nýbúa. Í Álfhólsskóla er skapandi starf með fjölbreyttum kennsluháttum og nám við hæfi hvers og eins óháð menningarlegum bakgrunni.

Einkunnarorð skólans eru: *Menntun – Sjálfstæði – Ánægja*

1.2 Áherslur innra mats 2011 – 12

Álfhólsskóli mótaði starfshætti matsteymis vorið 2011 og setti fram matsáætlun til fimm ára í október sama ár. Samkvæmt þeirri matsáætlun voru matsþættir skólaársins 2011 – 2012 innan eftirtaldrá viðfangsefna:

Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi og samstarf
Umbótaaðgerðir og þróunarstarf
Nám og námsárangur
Kennsla – kennsluhættir, starfsþróun og fagmennska
Starfsáætlun – s.s. skipulag, verkferlar, skólareglur og stoðþjónusta
Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi og samstarf
Samstarf heimila og skóla
Viðmót og menning skóla

Til að meta ofangreinda þætti var stuðst við niðurstöður rafrænna kannanna meðal foreldra, nemenda og starfsfólks Álfhólsskóla. Einnig var stuðst við niðurstöður úr Skólapúlslinum, könnun á vegum Saman í sátt-teymis, niðurstöður samræmdra prófa, LOGOS greiningu o.fl.

Vert er að taka fram að aðeins um fjórðungur foreldra barna í skólanum, 368 einstaklingar, tóku þátt í foreldra könnunninni sem getur sýnt niðurstöður hennar. Niðurstöður úr þeirri könnun eru því á mörkunum að vera marktækar fyrir foreldrahópinn í heild sinni.

1.3 Áhrif sameiningar Hjalla- og Digranesskóla

Álfhólsskóli var stofnaður vorið 2010 við sameiningu Hjalla- og Digranesskóla og hófst fyrsta starfsár hans þá um haustið. Skólaárið 2010 – 11 einkenndist af sameiningunni og stefnumótun hins nýja sameinaða skóla, Álfhólsskóla. Þetta er fyrsta matskýrsla Álfhólsskóla og er umbótáætlun fyrir skólárið 2012 – 13 byggð á niðurstöðum hennar.

2 Markmið og tilgangur matsins

2.1 Matsteymi Álfhólsskóla 2011 – 12

Matsteymi var stofnað í apríl 2012 og var starfstími þess þá ákveðinn til vors 2013. Í matsteymi voru: Gunnar Þór Jóhannesson, foreldri, Brynja Áslaug Sigurðardóttir, kennari, Katla Rannversdóttir, kennari, Sigríður Rafnsdóttir, kennari, Sigurlín Ellý Sigvaldadóttir, skólaliði, Valdís Atladóttir, skólaliði, Þórunn Eiríksdóttir, kennari og Brynja Dís Björnsdóttir verkefnastjóri Álfhólsskóla sem jafnframt var verkefnisstjóri teymisins. Skólastjóri Álfhólsskóla er ávallt ábyrgðarmaður matsteymis.

Matsteymi hefur fundað á samtals fjórtán vinnufundum. Á fyrstu fundum hópsins voru mótaðar starfsreglur fyrir matsteymi, matsferlið teiknað upp og skilgreint, siðareglur matsteymis lagðar fram, samþykktar og undirritaðar. Verkefnisstjóri var fulltrúi stjórnenda í teyminu og hafði það hlutverk að boða til funda, skipuleggja vinnu teymisins og finna til þau gögn sem teymið vann úr.

2.2 Viðfangsefni matsteymis

Viðfangsefni	Markmið	Matsspurning	Viðmið
A. Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi og samstarf	A1 Vellíðan nemenda	Líður nemendum almennt vel í skólanum?	90%
	A2 Ekkert einelti	Sýna kannanir að einelti innan skólans sé óverulegt eða ekkert?	Einelti í skólanum < 5%
	A3 Ánægja og óánægja með skólann varðandi einelti	Hvaða athugasemdir koma frá nemendum í opnum svörum í Skólapúlsi sem taka þarf tillit til í umbótaáætlun?	Meiri ánægja en óánægja
B. Nám og námsárangur	B1 Gagnlegt og áhugavert nám	Er námið í Álfhólsskóla gagnlegt og áhugavert fyrir nemendur?	90%
	B2 Metnaðarfullir nemendur	Finnst nemendum Álfhólsskóla mikilvægt að ná góðum árangri í skólanum?	90%
	B3 Góð og árangursrík kennsla í íslensku, stærðfræði og ensku	Er kennsla í námsgreinum samræmdra könnunarprófa að skila nem. Álfhólsskóla viðunandi árangri miðað við landsmeðaltal?	Árangur nemenda jafn góður eða betri samanborið við aðra skóla.
C. Kennsla – kennsluhættir, starfsþróun og fagmennska	C1 Ánægja með kennsluna almennt	Eru nemendur og foreldrar almennt ánægðir með kennsluna í Álfhólsskóla?	90%
	C2 Kennsla við hæfi hvers nemanda	Upplifa nemendur, foreldrar og kennarar að nemendur í Álfhólsskóla fái nám við hæfi hvers og eins?	90%
	C3 Fjölbreyttir kennsluhættir	Nota kennarar í Álfhólsskóla margar og fjölbreyttar aðferðir við kennsluna?	90% kennara í öllum árgöngum og öllum greinum nota fjölbreyttar kennsluaðferðir.
	C4 Hæfilegt heimanám	Eru nemendur, foreldrar og kennarar ánægðir með skipulag og framkvæmd á heimanámi í Álfhólsskóla?	90%
	C5 Ánægja og óánægja með skólann varðandi nám og kennslu	Hvaða athugasemdir koma frá nemendum í opnum svörum í Skólapúlsi sem taka þarf tillit til í umbótaáætlun?	Meiri ánægja en óánægja

Viðfangsefni	Markmið	Matsspurning	Viðmið
D. Viðmót og menning skóla	D1 Ánægja með skólann	Eru nemendur, starfsfólk og foreldrar ánægðir með skólann?	Samtals meðaleinkunn: 8 eða meira.
	D2 Ánægja með skólann	Hvaða jákvæðu og neikvæðu athugasemdir koma frá nemendum í opnum svörum í Skólapólsí sem taka þarf tillit til í umbótaáætlun?	Samantekt
E. Samstarf heimila og skóla	E1 Gagnleg foreldraviðtöl	Upplifa foreldrar og nemendur að foreldraviðtölin í febrúar hafi verið gagnleg?	90%
F. Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi og samstarf	G1 Ánægt starfsfólk	Er starfsfólk Álfhólsskóla ánægt með vinnustaðinn sinn?	100%
G. Umbótaágerðir og þróunarstarf	H1 Bættur lestrarárangur nemenda vegna <i>Læsis</i>	Eru nemendur í 1. – 7. bekk að sýna bættan árangur í lestri sem rekja má beint til verkefnisins <i>Læsi</i> ?	90%

3 Aðferðir og framkvæmd matsins

Markmið	Upplýsingar fengnar frá:	Aðferðir við gagnaöflun	Hver safnar	Tími	Úrvinnsla	Greining
A1 Velliðan nemenda	NEM 1. – 10. b	Rafræn könnun	Verkefnastjóri	Mars 2012	<i>Saman í sátt-</i> teymi	Töluleg greining
	FOR – Allir	Rafræn könnun	Verkefnastjóri	Maí 2012	Matsteymi	Töluleg greining
	STA – Allir	Rafræn könnun	Verkefnastjóri	Maí – júní 2012	Verkefnastjóri	Töluleg greining
A2 Ekkert einelti	NEM – 1.-10. b	Rafræn könnun	Verkefnastjóri	Mars 2012	<i>Saman í sátt-</i> teymi	Töluleg greining
	NEM – 6.-10.b	Rafræn könnun	Skólapúlsinn	Sep 2011 – maí 2012	Matsteymi	Töluleg greining
	FOR – Allir	Rafræn könnun	Verkefnastjóri	Maí 2012	Matsteymi	Töluleg greining
A3 Ánægja og óánægja varðandi einelti	NEM – 6.-10.b	Rafræn könnun	Skólapúlsinn	Sep 2011 – maí 2012	Matsteymi	Samantekt
B1 Gagnlegt og áhugavert nám	NEM – 6.-10. b	Rafræn könnun	Skólapúlsinn	Sep 2011 – maí 2012	Matsteymi	Töluleg greining
	NEM – 6.-10.b	Rafræn könnun	Verkefnastjóri	Maí 2012	Matsteymi	Töluleg greining
	FOR – Allir	Rafræn könnun	Verkefnastjóri	Maí 2012	Matsteymi	Töluleg greining
	KEN – Allir	Rafræn könnun	Verkefnastjóri	Maí – júní 2012	Verkefnastjóri	Töluleg greining
B2 Metnaðarfullir nemendur	NEM – 6.-10. b	Rafræn könnun	Skólapúlsinn	Sep 2011 – maí 2012	Matsteymi	Töluleg greining
	NEM – 6.-10.b	Rafræn könnun	Verkefnastjóri	Maí 2012	Matsteymi	Töluleg greining
	FOR – Allir	Rafræn könnun	Verkefnastjóri	Maí 2012	Matsteymi	Töluleg greining
	KEN – Allir	Rafræn	Verkefnastjóri	Maí – júní 2012	Verkefnastjóri	Töluleg greining

		könnun				
B3 Góð og árangursrík kennsla í íslensku, stærðfræði og ensku	NEM – 4., 7. og 10. bekkur	Samræmd könnunarpróf	Námsmats- stofnun	Sep 2011	Verkefnastjóri	Töluleg greining
C1 Ánægja með kennsluna almennt	NEM – 6.-10.b	Rafræn könnun	Verkefnastjóri	Maí 2012	Matsteymi	Töluleg greining
	FOR – Allir	Rafræn könnun	Verkefnastjóri	Maí 2012	Matsteymi	Töluleg greining
	KEN – Allir	Rafræn könnun	Verkefnastjóri	Maí – júní 2012	Verkefnastjóri	Töluleg greining

Markmið	Upplýsingar fengnar frá:	Aðferðir við gagnaöflun	Hver safnar	Tími	Úrvinnsla	Greining
C2 Kennsla við hæfi hvers nemanda	NEM – 6.-10.b	Rafræn könnun	Verkefnastjóri	Maí 2012	Matsteymi	Töluleg greining
	FOR – Allir	Rafræn könnun	Verkefnastjóri	Maí 2012	Matsteymi	Töluleg greining
	KEN – Allir	Rafræn könnun	Verkefnastjóri	Maí – júní 2012	Verkefnastjóri	Töluleg greining
C3 Fjölbreyttir kennsluhættir	NEM – 6.-10.b	Rafræn könnun	Verkefnastjóri	Maí 2012	Matsteymi	Töluleg greining
	FOR – Allir	Rafræn könnun	Verkefnastjóri	Maí 2012	Matsteymi	Töluleg greining
	KEN – Allir	Rafræn könnun	Verkefnastjóri	Maí – júní 2012	Verkefnastjóri	Töluleg greining
C4 Hæfilegt heimanám	NEM – 6.-10.b	Rafræn könnun	Verkefnastjóri	Maí 2012	Matsteymi	Töluleg greining
	FOR – Allir	Rafræn könnun	Verkefnastjóri	Maí 2012	Matsteymi	Töluleg greining
	KEN – Allir	Rafræn könnun	Verkefnastjóri	Maí – júní 2012	Verkefnastjóri	Töluleg greining
C5 Ánægja og óánægja varðandi nám og kennslu	NEM – 6.-10.b	Rafræn könnun	Skólapúlsinn	Sep 2011 – maí 2012	Matsteymi	Samantekt
D1 Ánægja með skólann	NEM – 6.-10.b	Rafræn könnun	Verkefnastjóri	Maí 2012	Matsteymi	Töluleg greining
	FOR – Allir	Rafræn könnun	Verkefnastjóri	Maí 2012	Matsteymi	Töluleg greining
	KEN – Allir	Rafræn könnun	Verkefnastjóri	Maí – júní 2012	Verkefnastjóri	Töluleg greining
E1 Gagnleg foreldraviðtöl	NEM – 6.-10.b	Rafræn könnun	Verkefnastjóri	Maí 2012	Matsteymi	Töluleg greining
	FOR – Allir	Rafræn könnun	Verkefnastjóri	Maí 2012	Matsteymi	Töluleg greining
	KEN – Allir	Rafræn	Verkefnastjóri	Maí – júní	Verkefnastjóri	Töluleg greining

		könnun		2012		
F1 Ánægt starfsfólk	STA Allir	Rafræn könnun	Verkefnastjóri	Maí – júní 2012	Verkefnastjóri	Töluleg greining
G1 Bættur lestrarárangur nemenda vegna <i>Læsis</i>	NEM – 2.-7.b	Greiningartæki ð LOGOS	Deildarstjóri sérkennslu	Okt 2011 – apr 2012	Deildarstjóri sérkennslu	Samantekt

4 Niðurstöður matsins

A. Nemendur – líðan, þarfir, starfsandi og samstarf

A1 Vellíðan nemenda

Matsspurning	Líður nemendum almennt vel í skólanum?	
Viðmið	90%	
Niðurstaða	NEM	Oftast: 85,8%
	FOR	Alltaf / oftast vel: 94%
	STA	Yfirleitt / oftast frekar vel: 100%
Samantekt	Líðan nemenda í skólanum er um 4,2% undir viðmiði skólans. Samtals meðaltal nemenda, foreldra og starfsfólks er 93,3% og því 3,3% yfir viðmiði skólans.	
Mat	Foreldrar og kennarar telja að nemendum líði betur í skólanum en nemendur meta sjálfir.	

A2 Ekkert einelti

Matsspurning	Sýna kannanir að einelti innan skólans sé óverulegt eða ekkert?	
Viðmið	Einelti í skólanum <5%	
Niðurstaða	NEM	Oft: 3,8%
Samantekt	Samtals hlutfall nemenda sem hefur oft verið strítt eða þau oft lögð í einelti er 3,8% eða 1,2% yfir viðmiði skólans.	
Mat	Halda þarf áfram markvissri vinnu í forvörnum og aðgerðum gegn einelti.	

A3 Einelti

Matsspurning	Hvaða athugasemdir koma frá nemendum í opnum svörum í Skólapúlsi sem taka þarf tillit til í umbótaáætlun?
Viðmið	Engin
Niðurstaða	<i>Ánægja</i> : Góðir vinir og góðir krakkar.
	<i>Óánægja</i> : Ekki hlustað á vandamál, ekki tekið á einelti – vantar eftirfylgni kennara, frímínútnagæslu ábótavant.
Samantekt	Mánaðarlega koma athugasemdir frá nemendum um að ekki sé tekið á eineltismálum. Einnig kemur fram kemur í hverjum mánuði að nemendur eiga góða vini í skólanum og að kennarar og nemendur eigi í góðum samskiptum.
Mat	Ályktanir út frá opnum svörum: Nemendur er almennt í góðum félagatengslum en einhverjir nemendur upplifa aðgerðaleysi í eineltismálum.

B. Nám og námsárangur

B1 Gagnlegt og áhugavert nám

Matsspurning	Er námið í Álfhólsskóla gagnlegt og áhugavert fyrir nemendur?	
Viðmið	90%	
Niðurstaða	NEM	Mjög / frekar: 82,8%
	FOR	Mjög vel / frekar: 79,0%
	KEN	Mjög / frekar: 96,0
Samantekt	Mat nemenda er 7,2% undir viðmiði skólans og mat foreldra er 11% undir viðmiði skólans. Kennarar telja námið gagnlegra og áhugaverðara en bæði nemendur og foreldrar, eða 6,0% yfir viðmiði skólans.	
Mat	Kennarar telja að kennsla þeirra skili mun gagnlegra og áhugaverðara námi en nemendur og foreldrar þeirra upplifa.	

B2 Mikilvægi árangursríks náms

Matsspurning	Finnst nemendum, foreldrum og kennurum Álfhólsskóla mikilvægt að ná góðum árangri í skólanum?	
Viðmið	90%	
Niðurstaða	NEM	Mjög / frekar mikilvægt: 95,6% Á landsmeðaltali í Skólapúlsinum: <i>Þrautseigja í námi</i> og 9. bekkur er 0.85 yfir landsmeðaltali.
	FOR	Mjög / frekar mikilvægt: 99,7%
	KEN	Mjög / frekar mikilvægt: 100%
Samantekt	Nemendur eru 5,6% yfir viðmiði skólans hvað varðar mikilvægi árangurs í námi. Nánast 100% foreldra og kennara telja mikilvægt að nemendur nái árangri í skólanum sem er 9,7% yfir viðmiði skólans.	
Mat	Nemendur, foreldrar og kennarar Álfhólsskóla álíta mikilvægt að ná árangri í námi.	

B3 Góð og árangursrík kennsla í íslensku, stærðfræði og ensku

Matsspurning	Er kennsla í námsgreinum samræmdra könnunarprófa að skila nemendum Álfhólsskóla viðunandi árangri miðað við landsmeðaltal?	
Viðmið	Árangur nemenda jafn góður eða betri samanborið við aðra skóla.	
Niðurstaða	Stærðfræði 4. bekkur: Nemendur í Álfhólsskóla eru á landsmeðaltali skólaárið 2011-12, eða með meðaltalseinkunnina 6,5. Álfhólsskóli var 0,3 undir landsmeðaltali í fyrra. 7. bekkur: Nemendur í Álfhólsskóla eru 0,6 yfir landsmeðaltali skólaárið 2011-12. Álfhólsskóli var 0,5 yfir landsmeðaltali í fyrra. 10. bekkur: Nemendur í Álfhólsskóla eru 0,3 undir landsmeðaltali skólaárið 2011-12. Álfhólsskóli var 0,3 yfir landsmeðaltali í fyrra.	
	Íslenska 4. bekkur: Nemendur í Álfhólsskóla eru á landsmeðaltali skólaárið 2011-12, eða með meðaltalseinkunnina 6,0. Álfhólsskóli var 0,2 undir landsmeðaltali í fyrra. 7. bekkur: Nemendur í Álfhólsskóla eru 0,2 yfir landsmeðaltali skólaárið 2011-12. Álfhólsskóli var 0,2 yfir landsmeðaltali í fyrra. 10. bekkur: Nemendur í Álfhólsskóla eru 0,6 undir landsmeðaltali skólaárið 2011-12. Álfhólsskóli var 0,1 undir landsmeðaltali í fyrra.	
	Enska 10. bekkur: Nemendur í Álfhólsskóla eru 0,1 undir landsmeðaltali skólaárið 2011-12. Álfhólsskóli var 0,5 yfir landsmeðaltali í fyrra.	
Samantekt	4. og 7. bekkur eru um og yfir landsmeðaltali í samræmdum könnunarprófum. Aftur á móti er 10. bekkur undir landsmeðaltali í öllum námsgreinum í ár.	
Mat	Árangur nemenda í 4. og 7. bekk í samræmdum prófum er betri en árangur nemenda í 10. bekk og miðað við landsmeðaltal.	

C. Kennsla – kennsluhættir, starfsþróun og fagmennska

C1 Ánægja með kennsluna almennt

Matsspurning	Eru nemendur og foreldrar almennt ánægðir með kennsluna í Álfhólsskóla?	
Viðmið	90%	
Niðurstaða	NEM	Mjög / frekar ánægðir: 88%
	FOR	Mjög / frekar ánægðir: 80,7%
Samantekt	Nemendur eru ánægðari með kennsluna í Álfhólsskóla en foreldrar þeirra, eða 2% undir viðmiði skólans. Ánægja foreldra er nálægt 10% undir viðmiði skólans.	
Mat	Mikill meirihluti nemenda og foreldra eru almennt ánægðir með kennsluna í Álfhólsskóla, eða um 80%.	

C2 Kennsla við hæfi hvers nemanda

Matsspurning	Upplifa nemendur, foreldrar og kennarar að nemendur í Álfhólsskóla séu að fá nám við hæfi hvers og eins?	
Viðmið	90%	
Niðurstaða	NEM	Já, alltaf / yfirleitt alltaf: 79,2%
	FOR	Já, að öllu / flestu leiti: 70,7%
	KEN	Yfirleitt alltaf / Oftast: 91,6%
Samantekt	Hlutfall nemenda sem upplifir sig fá kennslu við hæfi er 10,8% undir viðmiði skólans. Hlutfall foreldra sem telur að barn sitt fái nám við hæfi er 19,3% undir viðmiði skólans. Hlutfall kennara sem telur að nemendur fái nám við hæfi er aftur á móti um 1,6% yfir viðmiði skólans.	
Mat	Mikill munur er á upplifun kennara annars vegar og nemenda og foreldra hins vegar varðandi hvort nemendur fái nám við hæfi hvers og eins.	

C3 Fjölbreyttir kennsluhættir

Matsspurning	Nota kennarar í Álfhólsskóla margar og fjölbreyttar aðferðir við kennsluna?	
Viðmið	90% í kennara í öllum árgöngum og öllum greinum noti fjölbreyttar kennsluaðferðir.	
Niðurstaða	NEM	Já, mjög / frekar margar: 64,5%
	FOR	Já, mjög / frekar margar: 53,5%
	KEN	Mjög / frekar margar: 85,9%
Samantekt	Færri foreldrar en nemendur telja að kennarar í Álfhólsskóla noti fjölbreyttar aðferðir við kennsluna, eða 36,5% undir viðmiði skólans á móti 25,5% nemenda. Mun fleiri kennarar telja sig nota fjölbreyttar aðferðir við kennsluna en hlutfall þeirra er samt 4,1% undir viðmiði skólans.	
Mat	Kennarar telja sig nota fjölbreyttari kennsluaðferðir en bæði nemendur og foreldrar álíta. Skoða þarf í hverju misræmið liggur og finna leiðir til að samræming náist.	

C4 Hæfilegt heimanám

Matsspurning	Er heimanámið í Álfhólsskóla hæfilega jafnt yfir alla vikuna?	
Viðmið	90%	
Niðurstaða	NEM	Næstum alltaf / frekar oft: 55,3%
	FOR	Næstum alltaf / frekar oft: 70,8%
	KEN	Hversu vel á þessi fullyrðing við þig: „Ég hef samstarf við aðra kennara þegar ég legg fyrir heimanám þannig að nemendur séu með hæfilega mikið heimanám í hverri viku.“: Mjög vel / frekar vel: 46,8%
Samantekt	Hlutfall nemenda sem telur að heimanám sé jafnt yfir alla vikuna er 34,7% undir viðmiði skólans og hlutfall foreldra er 19,2% undir viðmiði skólans. Samstarf kennara um heimanám er 44,2% undir viðmiði skólans.	
Mat	Niðurstöður benda til að álag heimanáms sé ójafnt, kennarar þurfi að hafa meira samstarf og samræma sig betur.	

C5 Ánægja og óánægja varðandi nám og kennslu

Matsspurning	Hvaða athugasemdir koma frá nemendum í opnum svörum í Skólapúlssi sem taka þarf tillit til í umbótaáætlun?
Viðmið	Engin
Niðurstaða	<p><i>Ánægja:</i> Nemendur eru almennt ánægðir með list og verkgreinar, góða kennara, skemmtilegt námsefni, stærðfræði og nýbúa- og sérdeild.</p> <p><i>Óánægja:</i> Nemendur nefna oftast erfitt aðgengi að tölvum og bókasafni, þeir fá ekki nógu þungt námsefni og óánægju með kennara.</p>
Samantekt	Nemendur eru almennt ánægðir með áherslu skólans á list- og verkgreinar og áherslur varðandi skipulag og námshópa. Þeir vilja aftur á móti meiri aðgang að tölvum og skólasafni og getumiklir nemendur vilja fá nám við hæfi. Einhverjir nemendur tjáðu óánægju varðandi einstaka kennara og kennsluhætti þeirra.
Mat	Niðurstöður gefa tilefni til að rýna nánar í óskir og þarfir nemenda varðandi nám og kennslu. Leita þarf leiða til að koma betur til móts við þarfir nemenda, s.s. aðgengi að tölvum og skólasafni, námsefni við hæfi og kennsluhætti kennara.

D. Viðmót og menning skóla

D1 Ánægja með skólann

Matsspurning	Eru nemendur, starfsfólk og foreldrar ánægðir með skólann?						
Viðmið	Samtals meðaleinkunn: 8 eða meira.						
Niðurstaða	<table border="1"> <tr> <td>NEM</td> <td>Einkunn: 7,5</td> </tr> <tr> <td>FOR</td> <td>Einkunn: 7,4</td> </tr> <tr> <td>STA</td> <td>Einkunn: 8,0</td> </tr> </table>	NEM	Einkunn: 7,5	FOR	Einkunn: 7,4	STA	Einkunn: 8,0
NEM	Einkunn: 7,5						
FOR	Einkunn: 7,4						
STA	Einkunn: 8,0						
Samantekt	Nemendur og foreldrar gefa skólanum að meðaltali einkunn sem er um 0,5 undir viðmiði skólans. Starfsfólk gefur skólanum aftur á móti einkunnina 8,0 sem er jafnt viðmiði skólans og heilum hærri en síðasta ár.						
Mat	Ánægja starfsmanna með vinnustaðinn hefur aukist frá því í fyrra en þetta er fyrsta mæling meðal nemenda og foreldra. Raunhæft er að hækka viðmiðið á næsta ári úr 8,0 í 8,5 í ljósi þess að ánægja starfsfólks hefur hækkað um einn heilan.						

E. Samstarf heimila og skóla

E1 Gagnleg foreldraviðtöl

Matsspurning	Upplifa foreldrar, nemendur og kennarar sem tóku þátt í foreldraviðtölum í febrúar að viðtölin hafi verið gagnleg?	
Viðmið	90%	
Niðurstaða	NEM	Mjög / frekar gagnleg: 72,2%
	FOR	Mjög / frekar gagnleg: 80,4%
	KEN	Mjög / frekar gagnleg: 91,5%
Samantekt	Hlutfall nemenda varðandi gagnsemi foreldraviðtalanna er 17,8% undir viðmiði skólans og hlutfall foreldra er 9,6% undir viðmiðinu. Kennararnir upplifðu viðtölin aftur á móti mun gagnlegri eða 1,5% yfir viðmiði skólans.	
Mat	Gagnsemi foreldraviðtalanna er ekki nógu mikil. Skoða þarf mismæmi í ánægju foreldra, nemenda og kennara. Kennarar telja gagnsemi foreldraviðtalanna áberandi gagnlegri en bæði foreldrar og nemendur.	

F. Starfsfólk – líðan, þarfir, starfsandi og samstarf

F1 Ánægt starfsfólk

Matsspurning	Líður starfsfólki Álfhólsskóla vel í vinnunni?
Viðmið	100%
Niðurstaða	Hvernig líður þér oftast í vinnunni? Oftast mjög / frekar vel: 95,5%
Samantekt	Líðan starfsfólks í vinnunni er hlutfallslega 4,5% undir viðmiði skólans.
Mat	Í Álfhólsskóla líður starfsfólki almennt vel í vinnunni.

F. Umbótaaðgerðir og þróunarstarf

G1 Bættur lestrarárangur nemenda vegna Læsis

Matsspurning	Eru nemendur í 1. – 7. bekk að sýna bættan árangur í lestri sem rekja má beint til verkefnisins Læsi?
Viðmið	90%
Niðurstaða	Um 85% nemenda hafa bætt árangur sinn
Samantekt	Skólinn er 5% undir viðmiði sínu.
Mat	Verkefnið hefur gengið vel og höfðu bæði kennarar og nemendur ánægju af verkefninu. Kennarar álíta jafnframt að áhugi, lestrarlag og færni nemenda hafi almennt aukist.

5 Lokaorð

Hér hefur verið lagt mat á ýmsa þætti er varða starfið í Álfhólsskóla, starfsmenn skólans, nemendur og foreldra skólaárið 2011 – 2012.

Niðurstöður gefa til kynna að foreldrar, nemendur og kennarar hafi oft á tíðum ólíka upplifun þegar kemur að skólastarfinu. Allir eru þeir sammála um mikilvægi þess að ná árangri í námi og er mikill meirihluti nemenda og foreldra ánægðir með kennsluna í skólanum. Aftur má móti álíta kennarar að námið sé mun gagnlegra og áhugaverða en foreldrar og nemendur. Eins álíta kennarar að nemendur fái oftár nám við hæfi og kennsluaðferðir séu fjölbreyttari en foreldrar og nemendur telja. Að auki telja kennarar að foreldraviðtöl séu gagnlegri en bæði foreldrar og nemendur. Mikilvægt er að rýna í þessa ólíku upplifanir og finna leiðir til að samræming náist.

Niðurstöður gefa ýmislegt til kynna um líðan nemenda í skólanum, samskipti og upplifun á námi og kennslu. Foreldrar og kennarar álíta að nemendum líði betur í skólanum en nemendur meta sjálfir. Mikilvægt er að skoða nánar þessa upplifun nemenda og finna hvað veldur. Flestir nemendur skólans eiga almennt í góðum félagatengslum en einhverjir upplifa aðgerðaleyfi í eineltismálum sem styður við mikilvægi þess að halda áfram markvissri vinnu í forvörnum og aðgerðum gegn einelti. Niðurstöður benda einnig til þess að brýnt sé að rýna nánar í óskir og þarfir nemenda varðandi nám og kennslu og leita leiða til að koma betur til móts við þá.

Starfsfólki Álfhólsskóla líður almennt vel í vinnunni og hefur ánægja starfsmanna með vinnustaðinn aukist frá árinu áður. Þá er ljóst að huga þarf nánar að samstarfi og upplýsingastreymi milli kennara en álag heimanáms er ójafnt og nauðsynlegt að kennarar samræmi sig betur.

Nám og kennsla í Álfhólsskóla hefur skilað árangri ef marka má frammistöðu nemenda í 4. og 7. bekk í samræmdum prófum sem var um og yfir landsmeðaltali. Árangur nemenda í 10. bekk þetta árið var rétt undir landsmeðaltali. Verkefnið *læsi* hefur gengið vel og skilað góðum árangri auk þess sem það hefur vakið ánægju meðal kennara og nemenda.

Mikilvægt er að nýta niðurstöður matsins til þess að bæta þá vankanta sem í ljós hafa komið og efla enn frekar þá jákvæðu þætti skólastarfs sem Álfhólsskóli býr vissulega yfir.

Hlutverk Álfhólsskóla

Að búa nemendur undir þátttöku í lýðræðissamfélagi í námsumhverfi sem stuðlar að sjálfstæði og þroska einstaklingsins.

Menntun – Sjálfstæði – Ánægja

Skólasamfélagið

Ánægðir nemendur

Sjálfstæðir og ábyrgir nemendur

Góð tengsl og samvinna heimila og skóla

Góð tengsl og samvinna við skólasamfélagið

Innra starf

Nám við hæfi hvers og eins

Skapandi skólastarf með fjölbreyttum kennsluaðferðum

Fjölbreytt námsmat

Skilvirk ferli

Mannauður

Vel menntaðir og hæfileikaríkir starfsmenn

Virk sí- og endurmenntun

Ánægðir og jákvæðir starfsmenn

Fjármál

Góð og hagkvæm nýting fjármuna

Vistvænn rekstur

Aðgerðaráætlun Álfhólsskóla 2012 - 2013

	Markmið:	Mælikvarði:	Viðmið:	Aðgerðir:
Skólasamfélagið	Að nemendur sýni jákvæðni, gleði, líði vel og séu virkir í skólastarfi	Foreldraviðtölum, skólapúls og viðhorfskannanir.	90% nemenda, foreldra og kennara telji að svo sé.	Endurskipuleggja frímínútur, samverustundir, útileiki og fl.
	Að bæta líðan nemenda og öryggi í skólanum og að vinna gegn einelti.	Skólapúlsinn, saman í sátt og tengslakannanir.	90% nemenda, foreldra og kennara telji að svo sé.	Hafa reglulega bekkjar- og saman í sátt fundi. Saman í sátt- og vinabekkjadagar. Kynna reglulega niðurstöður kannana.
	Að nemendur verði sjálfstæðir og ábyrgir.	Skólapúlsinn.	Skólinn sé vel yfir landsmeðaltali.	Nemendur geri áætlanir og meti sig sjálfir.
	Bæta umgengni nemenda í skólanum.	Viðhorfskönnun.	Betri umgengi.	Nálgast nemendur með uppörvun og hvatningu.
	Að efla samstarf og samvinnu heimilis og skóla og stuðla að gagnkvæmu trausti.	Viðhorfskönnun meðal foreldra.	90% foreldra telji að svo sé.	Auka aðgengi foreldra að skólanum og bjóða upp á fræðsluerindi varðandi skólastarfið. Efla upplýsingastreymi.
	Að efla tengsl milli leik- og framhaldsskóla og stuðla að heildstæðu námi barnanna.	Metið af stjórnendum grunn-, leik- og framhaldsskóla og námsráðgjöfum.	Aukning á samstarfi.	Fundir með leik- og framhaldskólum.
Innra mat	Að nemendur fái nám við hæfi hvers og eins út frá forsendum og getu.	Viðhorfskannanir.	90% nemenda, foreldra og kennara telji að svo sé	Fjölbreyttir náms- og kennsluhættir og áætlanir við hæfi hvers og eins.
	Að efla færni kennara í fjölbreyttum kennslu-aðferðum samkvæmt nýrri aðalnámsskrá.	Viðhorfskannanir.	90% nemenda, foreldra og kennara telji að svo sé.	Stofnað verði teymi sem stýrir þróunarvinnunni.
	Að þróa matsaðferðir samkvæmt nýrri aðalnámsskrá.	Viðhorfskannanir.	Innleiða nýtt námsmat samkvæmt aðalnámsskrá.	Stofnað verði teymi sem stýrir þróunarvinnunni.
	Að efla sköpun og frumkvæði	Viðhorfskannanir.	90% nemenda, foreldra og kennara telji að svo sé.	Fjölbreytt námsframboð í bóklegum greinum jafnt sem list- og verkgreinum og færnimiðað nám.
	Að fara yfir heimanám á öllum stigum.	Viðhorfskannanir	90% nemenda, foreldra og kennara telji að svo sé.	Skólinn setji sér stefnu í heimanámi nemenda og samræmingu.
	Að bæta foreldraviðtöl kennara	Viðhorfskannanir	90% nemenda, foreldra og kennara telji að svo sé.	Fræðslu um samstarf foreldra og skóla og viðtalstækni.
	Að efla samstarf og jákvæðan vinnuanda meðal starfsmanna.	Viðhorfskannanir.	90% starfsmanna telji að svo sé.	Öflugt starfsmannafélag. Hópefli. Klúbbastarf og fleira.
	Að fara yfir verkferla, áætlanir og gátlista skólans.	Tengslakannanir, skólapúls og viðhorfskannanir.	Bæta og lagfæra alla verkferla skólans.	Farið yfir verkferla og vinnuáætlanir skólans.

Aðgerðaráætlun Álfhólsskóla 2012 -2013 framhald

	Markmið:	Mælikvarði:	Viðmið:	Aðgerðir:
Mannauður	Að hafa vel menntaða og hæfileikaríka starfsmenn með fjölbreytta og falega þekkingu.	Ferilskrá og meðmæli.	98% starfsmanna fagmenntaðir.	Vel menntaðir kennara, fjölbreytt símenntun og teymisvinna í kennsluleiðum og áherslum.
	Að kennarar sækja sér markvissa símenntun.	Starfsmannaviðtöl.	90% starfsmanna sækja endurmenntun.	Kennarar skili endurmenntunaráætlun til skólastjórnenda. Stjórnendur hvetji og stuðli að símenntun þeirra.
	Að starfsmönnum líði vel þeir séu jákvæðir og finni fyrir og sýni traust og virðingu.	Vinnustaðagreining.	90% starfsmanna telji að svo sé.	Starfsmannasamtöl. Hvetja og hrósa. Góð vinnuaðstaða. Fyrirlestur um líðan og jákvæðni.
	Að starfsmenn séu ánægðir og stoltir af skólanum.	Vinnustaðagreining.	90% starfsmanna telji að svo sé.	Halda áfram að vinna faglega að uppbyggingu nýs skóla.
Fjármál	Að draga úr ljósritun og spara þannig fjármuni og ná fram sparnaði með hagkvæmari innkaupum	Niðurstöður úr bókhaldskerfi Kópavogsbæjar.	Að fjárhagsáætlun standist.	Sundurgreina ljósritunarkostnað og bera saman kostnað við ljósritun við kaup á námsbókum / námsefni og bókakaup ef kostur er. Ljósrita og gera varanlegan gagnagrunn í námsefni sem notað er af netinu og geyma á bókasafni. Halda uppi virkri umræðu til að auka kostnaðarvitund starfsfólks á hinum ýmsu sviðum rekstar. Fá hugmyndir frá starfsfólki um hvernig mætti spara í innkaupum.
	Að virkja meðvitund allra starfsmanna og nemenda um mikilvægi þess að flokka rusl og stuðla að vistvænum rekstri.	Grænfáninn og mæling á orkunotkun.	Að fjárhagsáætlun standist.	Markviss vinna að Grænfánanum með þátttöku í verkefninu „Skóli á grænni grein“. Mótun nýrrar umhverfisstefnu skólans. Markviss fræðsla um ávinning skólans og samfélagsins við að flokka pappír og úrgang. Minnka pappírnotkun.